# Fjármálaáætlun 2025-2029

*Fjárlaganefnd 6. maí 2024*



**Stjórnarráð Íslands**
Innviðaráðuneytið



## Sameiginleg framtíðarsýn málefnasviða innviðaráðuneytisins

# Að Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tenging byggða og Íslands við umheiminn sé í jafnvægi við umhverfið.

**06**
**Hagskýrslugerð og grunnskrár**

**08**
**Sveitarfélög og byggðamál**

**11**
**Samgöngu- og fjarskiptamál**

**31**
**Húsnæðis- og skipulagsmál**

# Heildarútgjöld innviðaráðuneytis 2025-2029




Fjárhæðir í milljörðum króna

## Rammasett útgjöld málefnasviða yfir fimm ára tímabil



# Samanburður fjármálaáætlana – rammasett útgjöld




* Fasteignaskrá færðist frá Þjóðskrá yfir til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í FÁ 2024-2028




Hér eru ekki með talin lögbundin framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Eingöngu viðbótarframlög JS og byggðamál




* Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Skipulagsstofnun bættust við málefnasvið 31 í FÁ 2023-2027



# Heildarrammi innviðaráðuneytisins

2025-2029
**607,4**
ma.kr.






# Helstu breytingar

- Stofnframlög hækka úr 7,5 ma.kr. í 9,5 ma.kr.
- Framkvæmdir á vegakerfinu
- Lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga




- Stofnframlög lækka í 3,6 ma.kr.

- Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsvæðinu
- Húsnæðisbætur
- Framkvæmdir á vegakerfinu og vetrarþjónusta
- Breytt fyrirkomulag á alþjónustu í pósti
- Lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga



## Helstu breytingar á ramma:
# Þjóðskrá Íslands

- Árið 2025 falla niður tímabundnar fjárveitingar vegna aukningar í vegabréfaútgáfu að fjárhæð 30 m.kr.
- Aðrar breytingar koma til vegna breytinga á rekstrartekjum Þjóðskrár Íslands og aðhaldskröfu.







Fjárhæðir í milljónum kr.

## Málefnasvið 6

# Hagskýrslugerð og grunnskrár

Málefnasviðið er sameiginlegt fjórum ráðuneytum. Hlutdeild innviðaráðuneytis er vegna Þjóðskrár Íslands.

### Helstu áskoranir:

- Ný aðferðafræði við miðlun gagna
- Auknar kröfur um vernd persónuupplýsinga og aukna þróun í upplýsingatækni
- Þróun kjörskrárkerfa

### Helstu áherslur:

- Aukið öryggi í stafrænni stjórnsýslu
- Aukið framboð stafrænnar þjónustu
- Auka sjálfsafgreiðslu



## Helstu breytingar á ramma:

# Sveitarfélög og byggðamál

- Áætlað lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eykst um samtals 3,9 ma. kr. á tímabilinu.
- Árið 2025 falla niður tímabundin framlög:
  - Sóknaráætlanir landshluta, efling atvinnu- og menningarlífs: 120 m. kr.
  - Til Byggðastofnunar vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni: 35 m. kr.
- Almenn aðhaldskrafa u.þ.b. 30 m.kr. á ári.







Fjárhæðir í milljónum kr.

# Málefnasvið 8
# Sveitarfélög- og byggðamál

**Helstu áherslur á tímabilinu:**

- Fjölmennari og öflugri sveitarfélög
- Jafnari þjónusta og búsetufrelsi
- Stöðug framlög áfram til byggðamála
- Heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga
- Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

**Helstu áskoranir:**

- Fjárhagsleg sjálfbærni sveitarfélaga
- Aðgengi að þjónustu
- Sjálfbær, lýðræðisleg sveitarfélög
- Sjálfstjórn og jafnt aðgengi að réttindum og þjónustu
- Kynja – og jafnréttissjónarmið



## Helstu breytingar á ramma:

# Samgöngu- og fjarskiptamál

- Betri samgöngur: 4 ma.kr. aukning frá og með árinu 2025. Samtals 20 ma.kr. á tímabilinu auk 20 ma.kr. lánveitingar
- Aukning í nýframkvæmdir um 2-4,5 ma.kr. á ári og viðhald vega um 1-1,5 ma.kr. Á móti falla niður tímabundin framlög að mestu tengd fjárfestingarátaki. Samtals 11 ma.kr. aukið framlag á tímabilinu.
- Vetrarþjónusta: 300 m.kr. hækkun á árinu 2025
- Flug til Vestmannaeyja
- Almenn aðhaldskrafa: um 270-325 m.kr. á ári







Fjárhæðir í milljónum kr.

# Málefnasvið 11
# Samgöngu- og fjarskiptamál

**Helstu áskoranir:**

- Mikil fjárfestingar- og viðhaldsþörf í öllum samgöngugeirum
- Umferð hefur aukist umtalsvert sl. áratug og með auknum vexti í ferðaþjónustu og útflutningsgreinum s.s. fiskeldi og jarðefnavinnslu reynir enn frekar á samgönguinnviði
- Auknar kröfur um vetrarþjónustu og kostnaðarhækkanir
- Almenningssamgöngur – auknar kröfur og kostnaðarhækkanir
- Loftslagsmál - um þriðjungur losunar gróðurhúsalofttegunda kemur frá samgöngum
- Kynja- og jafnréttissjónarmið

# Málefnasvið 11
# Samgöngu- og fjarskiptamál

## Helstu áherslur á tímabilinu:

- Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu – Samgöngusáttmáli.
- Ölfusárbrú
- Endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af ökutækjum og umferð
- Endurskoðun samgönguáætlunar
- Uppbygging varaflugvalla
- Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu
- Samvinnuverkefni og jarðgangaáætlun
- Loftslagsmál - Orkuskipti í samgöngum/breyttar ferðavenjur
- Kynja og jafnréttissjónarmið

Málefnasviðið er sameiginlegt tveimur ráðuneytum.

# Samgöngusáttmálinn á höfuðborgarsvæðinu

- Bein framlög úr ríkissjóði nema 34 ma.kr. á tímabili áætlunarinnar
- 4 ma.kr. aukning frá og með árinu 2025, samtals 20 ma.kr. aukning
- Kostnaðaráætlanir hafa hækkað og því nauðsynlegt að endurskoða ýmsar forsendur sáttmálans, þ.m.t. framkvæmdaáætlun
- Mikilvægt er að samhliða endurskoðun forsenda Samgöngusáttmálans sé rekstur almenningssamgangna, þ.m.t. Borgarlínu, ávarpaðar
- Miklir þjóðhagslegir hagsmunir í húfi að vel takist til í samgönguþróun á höfuðborgarsvæðinu



## Helstu breytingar á ramma:

# Húsnæðis- og skipulagsmál

- Aukin framlög til húsnæðisbóta 2,5 ma.kr. á ári - samtals 12,5 ma. kr. á tímabilinu 2025-2029.
- Stofnframlög: hækka úr 7,3 ma.kr. Í 7,5 ma.kr. Á árinu 2026. Hækka í 9,5 ma.kr. Árið 2027 og lækka að því loknu í 3,6 ma.kr.
- Sértækur húsnæðisstuðningur til Grindvíkinga fjárheimild vegna jan/feb 2024 fellur niður árið 2025: 450 m.kr.
- Framlög í lögbundnar endurgreiðslur innheimts skipulagsgjalds til sveitarfélaga hækkuð um 62 m.kr. 2025 – samtals 310 m.kr. á tímabilinu.
- Almenn aðhaldskrafa: Um 45 m.kr. á ári.







Fjárhæðir í milljónum kr.

# Málefnasvið 31
# Húsnæðis- og skipulagsmál

**Helstu áskoranir:**

- Fordæmalaus hækkun húsnæðisverðs undanfarin ár og uppsöfnuð íbúðaþörf. Byggja þarf um 45.000 íbúðir á næstu 10 árum til að mæta fólksfjölgun að mati HMS. Vísbendingar um hægari uppbygginu en þörf er á.
- Stjórnvöld styðja húsnæðisuppbyggingu en framboð lóða liggur hjá sveitarfélögum og bygging húsnæðis hjá verktökum.
- Ákvarðanir og stefnur um landnotkun hafa áhrif á loftlagsáhrif samfélaga, bæði í þéttbýli og dreifbýli.
- Brýnt er að ná jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis í samræmi við þörf og samstilla stefnu og aðgerðir ríkis og sveitarfélaga til að tryggja nægt framboð.

# Málefnasvið 31
# Húsnæðis- og skipulagsmál

## Helstu áskoranir, frh.:

- Mikil samkeppni er um land í dreifbýli vegna aukinnar eftirspurnar eftir landi til skógræktar, undir frístundabyggð, ferðaþjónustu, íbúðaruppbyggingu og nýtingu vindorku.
- Mikilvægt að skapa farveg fyrir skipulagsákvarðanir og leyfisveitingar þjóðhagslegra mikilvægra innviða sem þjóna hagsmunum landsins alls.
- Aukin ásókn á miðhálendið kallar á uppbyggingu innviða fyrir samgöngur og ferðaþjónustu en samhliða þarf að tryggja vernd óbyggðra víðerna, mikilvægra landslagsheilda og náttúru miðhálendisins.
- Aukin ásókn í nýtingu haf- og strandsvæða, m.a. fyrir matvælaframleiðslu og orkuvinnslu.
- Þörf er á skýrari stefnumörkun á hafsvæðum utan strandsvæða fyrir ákvarðanir um staðbundna nýtingu og náttúruvernd.

## Málefnasvið 31
# Húsnæðis- og skipulagsmál

### Helstu áherslur - húsnæðismál:

- Tillaga til þingsályktunar um húsnæðisstefnu 2024-2038 er til meðferðar hjá Alþingi.
- Áfram markviss uppbygging í almenna íbúðakerfinu með opinberum framboðsstuðningi gegnum stofnframlög og hlutdeildarlán til að treysta húsnæðisöryggi og tryggja viðráðanlegan húsnæðiskostnað tekjulægri heimila.
- Samningar við sveitarfélög í húsnæðismálum m.a. um framboð byggingarhæfra lóða og stuðning frá ríkinu til að tryggja uppbyggingu íbúða fyrir tekjulægri heimili.
- Húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda verði bætt og áfram stutt við tekjulægri heimili með húsnæðisbótum og hlutdeildarlánum.
- Skilvirk stjórnsýsla og bætt starfsumhverfi mannvirkjagerðar.
- Einföldun ferla með stafræna þróun að leiðarljósi. Einn heildstæður ferill verði til í skipulagsgerð og byggingarmálum.
- Rannsóknir og þróun til að tryggja nýsköpun innan mannvirkjageirans og aðlögun að íslenskum aðstæðum. Áframhaldandi stuðningur við Ask mannvirkjarannsóknarsjóð.
- Vistvæn mannvirkjagerð með áherslu á að draga úr loftslagsháhrifum byggingariðnaðarins.

# Málefnasvið 31
# Húsnæðis- og skipulagsmál

## Helstu áherslur - skipulagsmál:

- Tillaga til þingsályktunar um landskipulagsstefnu áranna 2024-2038 er til meðferðar hjá Alþingi.
- Leiðbeiningar unnar sem miða að því að bæta upplýsingagjöf um áhrif skipulagsákvarðana til losunar og bindingar gróðurhúsalofttegunda og stuðla þannig að því að skipulagsgerð styðji við markmið um kolefnishlutleysi.
- Samspil skipulagsáætlana og orkuskipta liður í að samstilla áætlanir ólíkra stjórnvalda þannig að nauðsynleg orkuskipti geti gengið hratt fyrir sig.
- Mótaðir verkferlar og leiðbeiningar fyrir aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga.
- Unnið að gerð leiðbeininga um skipulagsgerð og vindorkunýtingu.
- Kortlagning ræktunarlands.
- Styrkja Skipulagssjóð þar sem vænta má fjölda verkefna vegna aðal- og svæðisskipulags hjá sveitarfélögum.

# Kynjuð fjárlagagerð

- Tvær aðgerðir greindar sérstaklega með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar – báðar taldar **stuðla að jafnrétti**:
  - Stofnframlög og hækkun húsnæðisbóta
- Fyrirliggjandi greiningar í stefnumótun málefnasviða, s.s.:
  - **Sveitarfélög:** Færri konur en karlar búa í fámennustu sveitarfélögunum. Ýtt er undir fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni með því að auglýsa störf sem óstaðbundin.
  - **Samgöngur:** Kynbundinn munur á ferðavenjum, akstursheğðun og öryggisupplifun í umferðinni -> tilefni til að taka mið af kynjasjónarmiðum við forgangsröðun verkefna
  - **Húsnæðismál:** húsnæðisbætur og hlutdeildarlán nýtast ekki síst einstæðum foreldrum og einhleypum og barnlausum einstaklingum – þeir hópar sem algengast er að skorti efnisleg lífsgæði. Ráðist verður í sérstakt átak til uppbyggingar á leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk og eldra fólk innan almenna íbúðakerfisins.
  - **Skipulagsmál:** Meiri hluti þeirra sem vinna að skipulagsmálum og mannvirkjagerð eru karlar. Þegar svæði eru skipulögð þarf að horfa til þess hvort þau henti t.d. öllum aldurshópum, kynjum, hvort þau séu barnvæn ásamt því að huga að aðgengismálum.

